

haldsstefna í málinu. Stefndi hefur ekki mótmælt upphafstíma vaxtanna.

Rétt þykir að taka vaxtakröfu stefnanda til greina þannig, að stefndi greiði 7% ársvexti frá 15. janúar 1963 til 1. janúar 1965, 6% ársvexti frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvexti frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 35.000.00.

Bjarni K. Bjarnason borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnum Brandi Tómassyni yfirflugvirkja og Jóni N. Pálssyni yfirskoðunarmanni.

Dómsorð:

Stefndi, Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f, greiði stefnanda, Landssmiðjunni, kr. 305.397.57 með 7% ársvöxtum frá 15. janúar 1963 til 1. janúar 1965, með 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 35.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 24. janúar 1968.

Nr. 8/1968.

Austurstræti 6 h/f

gegn

Vélsmiðjunni Dynjandi s/f

Einari Guðmundssyni og

Eysteini Leifssyni.

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson og prófessor Theodór B. Línadal.

Kærumál. Þóknun matsmanna.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 20. desember 1967, er hingað barst 15. janúar 1968.

Krefst hann þess, að varnaraðiljunum Einari Guðmundssyni og Eysteini Leifssyni verði „tildæmd hæfileg og lægri fjárhæð fyrir störf sín en í hinum kærða dómsúrskurði greinir“.

Varnaraðiljar Einar Guðmundsson og Eysteinn Leifsson hafa krafizt þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og sóknaraðilja verði dæmt að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti.

Frá Varnaraðilja Vélsmiðjunni Dynjandi s/f hafa hvorki borizt kröfur né greinargerð.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Sóknaraðili greiði varnaraðiljum Einari Guðmundssyni og Eysteini Leifssyni kærúmálskostnað, samtals kr. 4.000.00.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Austurstræti 6 h/f, greiði varnaraðiljum Einari Guðmundssyni og Eysteini Leifssyni kærúmálskostnað, samtals kr. 4.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 30. nóvember 1967.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar um matsþóknun hinn 27. þ. m., var höfðað fyrir bæjarþinginu af Vélsmiðjunni Dynjandi s/f, Dugguvogi 13, Reykjavík, með stefnu, birtri 9. febrúar, gegn Austurstræti 6 h/f, Reykjavík, til greiðslu reiknings að fjárhæð kr. 33.225.00 auk 8% ársvaxta frá 22. apríl 1966 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur gert þær dómkröfur, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda gegn greiðslu á kr. 15.000.00 án vaxta og málskostnaðar. Þá krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Málavextir eru þeir, að í marz og aprílmánuði 1966 annaðist stefnandi smíði og uppsetningu á járnstiga í húsinu nr. 6 við Austurstræti, sem er eign stefnda. Stefnandi kveður verk þetta

hafa verið unnið í tímavinnu, enda eigi um annað beðið af hálfu stefnda. Stefnandi gerir kröfu til að fá greidda stefnufjárhæð máls þessa fyrir verkið, sbr. reikning, er lagður hefur verið fram, að fjárhæð kr. 33.225.00. Þar sem stefndi hafi eigi viljað greiða reikning þennan, kveður stefnandi sér hafa verið nauðsynlegt að höfða mál þetta.

Með bréfi til yfirborgardómarans í Reykjavík, dags. 13. september 1967, óskaði stefndi eftir dómkvaðningu tveggja óvilhallra og sérfróðra manna til þess „að athuga reikninga Vélsmiðjunnar Dynjandi s/f yfir smíði og uppsetningu járnstiga í húsinu Austurstræti 6 í Reykjavík, að fjárhæð kr. 33.225.00, athuga umsögn verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsens um reikning þennan, þar sem gert er ráð fyrir, að verk þetta myndi hafa átt að kosta kr. 15.000.00, kynna sér stigann og meta, hvað hafi verið eðlilegt og sanngjarnt, að Vélsmiðjan Dynjandi fengi greitt fyrir verk sett“.

Á bæjarþingi Reykjavíkur, sem haldið var fimmtudaginn 14. september 1967, voru þeir Einar Guðmundsson verkfræðingur, Hrauntungu 37, Kópavogi, og Eysteinn Leifsson vélsmiður, Síðumúla 17, Reykjavík, dómkvaddir til þess að framkvæma hið umbeðna mat.

Matsgerð hinna dómkvöddu manna er dags. 21. október s.l. og hljóðar svo:

„Samkvæmt endurriti úr bæjarþingsbók Reykjavíkur, dags. hinn 14. sept. 1967, vorum við undirritaðir dómkvaddir í fyrrgreindu matsmáli til þess að: 1) athuga reikninga Vélsmiðjunnar Dynjandi h/f hér í bæ yfir smíði og uppsetningu á járnstiga í húsinu Austurstræti 6, Reykjavík, 2) athuga umsögn verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen um reikning þennan, 3) kynna okkur stigann og meta, hvað hafi verið eðlilegt og sanngjarnt, að Vélsmiðjan Dynjandi fengi greitt fyrir verk sitt.

Hinn 14/10 1967 skoðuðu undirritaðir umræddan stiga í húsinu Austurstræti 6. Viðstaddir skoðun þessa auk undirritaðra voru:

Gunnlaugur Steindórsson f. h. Vélsmiðjunnar Dynjandi s/f, Birgir Ísleifur Gunnarsson f. h. Vélsmiðjunnar Dynjandi s/f og Arnbjörn Óskarsson f. h. Austurstrætis 6 h/f.

Við skoðun kom í ljós, að umræddur stigi hefur verið klæddur með tré að ofan og þar lagt gólfefni. Að neðan hefur stiginn verið klæddur með þilplötum, er hafa verið málaðar. Það er því ómögulegt að skoða járnverk stigans án þess að fjarlægja klæðninguna.

Það varð að samkomulagi milli allra aðila, sem mættir voru á

staðnum, að byggja matsgerð á umsögn og lýsingu þeirra manna, sem unnu við smíði stigans, og á teikningu af járnverki stigans, sem gerð var á Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen s/f í Reykjavík, til þess að komast hjá skemmdum á stiga og húsi og þeim kostnaði, sem því hefði fylgt að skoða járnhluta stigans.

Hinn 19. 10. 1967 var stiginn enn á ný skoðaður. Viðstaddir voru:

Hjálmtyr Hallmundsson, fulltrúi Austurstrætis 6 h/f, Karl Jörgensen, trésmiður, Arnbjörn Óskarsson f. h. Austurstrætis 6 h/f og Einar Guðmundsson, verkfr.

Lýstu þeir Karl og Hjálmtyr, eftir minni, járnverki stigans og aðstæðum á uppsetningarstað. Hinn 20. 10. 1967 ræddu undirritaðir við eftirtalda aðila hjá Vélsmiðjunni Dynjandi s/f, Reykjavík:

Gunnlaug Steindórsson, framkvæmdastjóra, Björn Ásmundsson, verkstjóra, Benedikt Sigurjónsson, járnsmið.

Lýstu þessir aðilar, eftir minni, smíði stigans og aðstæðum á uppsetningarstað. Björn og Benedikt töldu, að framkvæmdar hefðu verið breytingar á efri hluta stigans, eftir að stiginn hefði verið settur upp, og að einhver af fulltrúum Austurstrætis 6 hefði óskað eftir þessari breytingu.

Hinn 20. 10. 1967 var haft samband við eftirtalda aðila í síma og þeir spurðir um, hvort breytinga hefði verið óskað af þeim á stiganum og eða haft samráð við þá um einhverjar breytingar á stiganum, eftir að smíði og eða uppstillingu hans var lokið:

Magnús Bergsteinsson, húsasmíðameistara, Jóhannes Guðmundsson, verkfr. hjá Verkfræðist. Sig Thoroddsen s/f, Ásmund Jóhannsson, byggingarfræðing hjá Teiknistofunni Ármúla 6 s/f, Hjálmtý Hallmundssyni hjá Austurstræti 6 h/f.

Í samtölum við ofangreinda aðila kom ekki ljóslega fram, að framkvæmdar hefðu verið breytingar eða haft samráð við þá um breytingar á stiganum.

Hinn 20. 10. 1967 skoðuðum við undirritaðir umræddan stiga í húsinu Austurstræti 6. Viðstaddur var auk undirritaðra:

Jón Þór Jónsson, hjá Austurstræti 6 h/f.

Ætlunin var að kanna nánar, hvort sjáanlegt væri, að breytt hefði verið smíði stigans frá því, er sýnt er á teikningu af stiganum frá Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen, en eins og áður greinir, er járnverk stigans lokað af.

Athugun þessi leiddi ekki í ljós sýnileg frávik á smíði efri

hluta stigans frá því, sem sýnt er á teikningu Verkfræðistofu Sig. Thoroddsen af stiganum.

Niðurstöður:

1. Varðandi niðurstöður á athugun á reikningi Vélsmiðjunnar Dynjandi s/f, fylgiskjöl nr. 2, 3 og 4, vísast til niðurstöðu matsgerðar.

2. Varðandi niðurstöðu á athugun á umsögn Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen s/f um reikning Vélsmiðjunnar Dynjandi s/f vísast til niðurstöðu matsgerðar.

3. Undirritaðir hafa metið sem sanngjarnt og hæfilegt verð fyrir smíði og uppsetningu á járnverki í fyrrgreindan stiga kr. 23.500.00, og er þá miðað við eftirfarandi:

- I. að aðstæður á vinnustað hafi verið eðlilegar, þ. e. a. s. vinnupallar í réttum hæðum og þannig úr garði gerðir, að öryggiskröfum hafi verið fullnægt, aðstaða til persónulegra þarfa starfsmanna Vélsmiðjunnar Dynjandi, sem unnu við uppsetninguna, hafi verið fyrir hendi, að uppsetningin hafi ekki verið tafin eða hindruð af öðrum, sem unnu í húsinu, og að nægileg raforka hafi ávallt verið fyrir hendi,
- II. að járnverk í umræddum stiga hafi verið smíðað eftir teikningu nr. 63.06.1.20, gerðri í Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen s/f, að því er tekur til þess, sem sýnt er á þessari teikningu,
- III. að sá hluti járnverksins í umræddum stiga, sem ekki er sýndur á áðurnefndri teikningu, sé smíðaður, eins og þeir, er unnu við járnsmíði og trésmíði stigans, lýsa þessum hluta járnverksins,
- IV. að engar breytingar hafi verið framkvæmdar á stiganum, eftir að smíði og eða uppsetningu hans var lokið,
- V. og að efnismagn, verð á efni, vinnutímafjöldi við einstaka verkþætti, verð á vinnutímum og verð á akstri hafi verið sem hér segir:

Matsmál nr. 136/1967 í Reykjavík.

Vélsmiðjan Dynjandi s/f — Austurstræti 6 h/f.

Efni samkvæmt teikningu Verkfræðistofu Sig. Thoroddsen s/f no. 63.06.1.20 af þakstiga Austurstræti 1. Gengið er út frá, að teikning sé öll í mkv. 1:20.

UNP—10	1.7 m								
	1.45 —								
	0.40 —								
	<u>3.55 m</u>	10.6 kg/m	..	..	..	..	..	..	37.6 kg.
UNP—14	2.6 m								
	1.1 —								
	<u>3.7 m</u>	16.0 kg/m	..	..	..	..	..	..	59.2 —
Fl. 40 · 6, 13 · u. p. b.	0.43 m = 5.9 m, 1.88 kg/m	..	..	..	..	..	..	..	10.5 —
Plj. 8 mm, u. p. b.	0.06 m ² , 62.8 kg/m ²	..	..	..	..	..	..	..	3.8 —
Festingar undir stigaprep og pall við vegg									
— ekki sýnt á teikningu.									

$$L - 40 \cdot 40 \cdot \begin{Bmatrix} 4 \\ 5 \\ 6 \end{Bmatrix}$$

$$\begin{array}{rcl}
 5 \cdot 0.26 \text{ m} & = & 1.3 \text{ m} \\
 & & 1.9 \text{ —} \\
 \text{U. p. b. } \pi \cdot 0.68 \cdot \frac{85^\circ}{360^\circ} & \cdot & \frac{0.5 \text{ —}}{3.7 \text{ m}} \left\{ \begin{array}{l} 2.42 \text{ kg/m} = 8.95 \\ 2.97 \text{ —} = 11.00 \\ 3.52 \text{ —} = 13.00 \end{array} \right. \\
 & & 0.6 \text{ m} \quad 2.97 \text{ —} = \quad 1.8 \text{ —} \\
 & & \text{Netto u. p. b. } 123.9 \text{ kg.}
 \end{array}$$

Hér vantar efni, sem kann að hafa verið notað í fleyga undir bitaenda, eins og tilgreint er á teikningu.

Í afskurð af efni: 15%.

Notkun á rafsuðuvír $\varnothing$ 3 mm og meðalsuðulengd á vír 0.1 m, í eftirfarandi suðum:

0.6 m UNP—14 við plötu, kverksuða 6 mm, heilsoðin.

1.5 m UNP—10 við 14 og plötu, kverksuða 6 mm, heilsoðin.
V-suða 6—9 mm, heilsoðin.

0.5 m UNP—10 saman, X-suða 6—9 mm, heilsoðin.

0.6 m UNP—14 saman, X-suða 7—10 mm, heilsoðin.

2.1 m Fl. 40×6 við kverksuðu, 6 mm.

0.3 m UNP—10—UNP—14, kverksuða 6 mm, heilsoðin.

5.6 m.

Í rýrnun á rafsuðupræði reiknast 25%.

Átluð vinna:

Skoðun aðstæðna, verkstj.	2 klst.	
smiður	2 —	
Akstur		kr. 40.00
Tekin mál, smiður	4 —	
aðstm.	4 —	
Akstur		— 40.00
Gerðar vinnuteikn.	6 —	
Tekið til efni, hlutað í réttar lengdir, merkt fyrir suðu og borun, smiður	10 —	
aðstm.	10 —	
Festiplötur 8 mm boraðar. Beygð 13 knekti úr flatjárnri og boruð 4 göt $\varnothing$ 12 mm í hvert.		
Tvær gerðir af knektum, smiður	4 —	
Beygðir og boraðir festivinklar undir þrepanda og stigapall. Útbúið mót af boga, smiður . .	7 —	
Bitar soðnir saman til uppsetningar. Knekti soðin á bita, smiður	8 —	
aðstm.	8 —	
Smíðaðir hlutir fluttir á uppsetningarstað ásamt vélum og verkfærum, smiður	2 —	
aðstm.	2 —	
bifrstj.	2 —	
Akstur		— 200.00
Koma fyrir efni og verkfærum á uppsetning- arstað, smiður	2 —	
aðstm.	2 —	
Brjóta gat fyrir bita I UNP—14 og brenna sundur steypustyrktarjárn, smiður	4 —	
aðstm.	4 —	
Bora göt fyrir festi plötu $\varnothing$ 22 mm, smiður . .	2 —	
aðstm.	2 —	
Setja upp bita I, smiður	3 —	
aðstm.	3 —	
Sjóða bita fastan, eftir að hann hefur verið réttur af, smiður	1 —	
aðstm.	1 —	
Brjóta gat fyrir bita II a UNP—10, smiður . .	3 —	
aðstm.	3 —	
Stilla bita af og sjóða hann fastan, smiður . .	1 —	
aðstm.	1 —	

Bora göt fyrir festi plötu bita II b UNP—10,				
smiður	2	klst.		
aðstm.	2	—		
Setja upp bita II b, smiður	3	—		
aðstm.	3	—		
Sjóða bita II b við festiplötu og UNP—14,				
smiður	2	—		
aðstm.	2	—		
Bora göt fyrir veggfestingar $\varnothing$ 76 mm, 24 göt,				
smiður	12	—		
aðstm.	12	—		
Skrúfa vinkla á vegg og rétta þá af, smiður . .	3	—		
Slíping og frágangur. Samant. verkfæra, aðstm.	3	—		
Flutningur verkfæra af vinnustað, smiður . .	2	—		
aðstm. . .	2	—		
bílstjóri . .	2	—		
Akstur . .			kr. 200.00	
Akstur við uppsetningu í 4 daga, 4 ferðir á				
dag á kr. 40.00			—	640.00
Við skiptingu milli dagvinnustunda og eftirvinnustunda er gengið út frá vikustundafjölda $51\frac{1}{2}$, sem skiptast í $43\frac{1}{2}$ klst. dagv. og 8 klst. ev.				
Dagvinnustundir eru því		84.5%		
Eftirvinnustundir eru því		15.5%		
		Dv.	Ev.	
Smíði á verkstæði:	Smiður	45 klst.	38	7
	Aðstm.	26 —	22	4
	Bífstj.	4 —	4	
		<u>75 klst.</u>		
	Verkstj.	7 —	6	1
Uppsetning:	Smiður	38 —	32	6
	Aðstm.	38 —	32	6
		<u>76 klst.</u>		
	Verkstj.	8 —	7	1

Vélavinna áætluð:

Rafsuðuvél 12.5 klst. @ 115.00 kr./klst. . . .	kr. 1.437.00
Borvél lítil, slípivél 15 klst. @ 50.00 kr./klst. . .	— 750.00
Borvél stór, múr 11 klst. @ 75.00 kr./klst . . .	— 825.00

Kr. 3.012.00

Hér er miðað við nauðsynlegan gangtíma véla vegna verksins og tímaverð miðað við það. Helmingur vélavinnu áætlaður við uppsetningu.

Vinna með sölusk.:

Smiður	38	klst.	dv.	@	101.25	kr.	3.847.50
	7	—	ev.	@	143.70	—	1.005.90
Aðstm.	22	—	dv.	@	76.05	—	1.673.10
	4	—	ev.	@	109.60	—	438.40
Bílstjóri	4	—	dv.	@	80.20	—	320.80
Verkstjóri	6	—	dv.	@	116.45	—	698.70
	1	—	ev.	@	165.25	—	165.25
							Kr. 8.149.65

Vinna án söluskatts (uppsetning):

Smiður	32	klst.	dv.	@	94.20	kr.	3.014.40
	6	—	ev.	@	133.65	—	801.90
Aðstm.	32	—	dv.	@	70.75	—	2.264.00
	6	—	ev.	@	101.95	—	611.70
Verkstjóri	7	—	dv.	@	108.35	—	758.45
	1	—	ev.	@	153.70	—	153.70
							Kr. 7.604.15

Efni:

Smiðajárn 124 kg.	1.15 @ kr. 12.00 pr. kg.	—	1.710.00
Rafsuðuvír 56 stk.	1.25 @ kr. 1.55 pr. stk.	—	109.00
Múrboltar samkvæmt reikningi V. D.		—	566.00
Gas og súr notað við að skera niður efni í smiðju, fella saman bita á uppsetningarstað og brenna í sundur steypustyrktarjárn, áætlað		—	750.00
			Kr. 3.135.00

Samantekið.

Með söluskatti:

Vinna	kr. 8.149.65
Efni 3.135.00 · 1.075	— 3.370.13
Vélavinna 1.500.00 · 1.075	— 1.612.50
Akstur 1.120.00 · 1.075	— 1.204.00
	————— — 14.336.28

Án söluskatts:

Vinna	kr. 7.604.15
Vélavinna	— 1.512.00 — 9.116.15
	Samtals kr. 23.452.43

Það skal ítrekað, að mat þetta byggist á teikningu Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen s/f no. 63.06.1.20, að því leyti er tekur til þeirra hluta, sem þar eru sýndir. Mat á þeim hluta járnverks stigans, sem ekki er sýnt á ofangreindri teikningu, er byggt á samhljóða lýsingu þeirra manna, sem við smíði stigans unnu eða höfðu afskipti af smíðinni á einhvern hátt.

Reykjavík, 21. okt. 1967.

Einar Guðmundsson

Eysteinn Leifsson“.

Samkvæmt reikningi, dags. 23. október s.l., hafa matsmenn krafizt þóknunar fyrir matsstörf sín að fjárhæð kr. 14.000.00.

Þennan reikning hefur stefndi neitað að greiða, þar sem honum þykir hann allt of hár.

Matsmennirnir hafa báðir komið fyrir réttinn og staðfest matsgerð sína. Hafa þeir skýrt svo frá, að þeir hafi haldið hjá sér tímafjölda þeim, er farið hafi hjá þeim í framkvæmd matsins, og hafa þeir lagt fram sundurliðun á þeim tímafjölda, svolátandi:

„1967		E. Guðm.	E. Leifsson
	Athugun á málsskjölum	0.5 klst.	0.5 klst.
12/10	Ath. á staðh. Samtal við eiganda . .		1.5 —
12/10	Analysa á tímaskýrslu V. D.	1.5 —	
13/10	Athugun á stiga saman	0.75 —	0.75 —
	Samin spurningaskrá		
14/10	Skoðun	1.0 —	1.0 —
	Efnislisti saminn	0.5 —	
19/10	Skoðun og öflun gagna	0.5 —	1.0 —
20/10	Samtal við starfsm. Dynjandi	1.0 —	1.0 —
	Samtal við ýmsa aðila, öflun frekari gagna. Samin m.	8.0 —	8.0 —
21/10	Endurskoðun og frágangur á m. . . .	5.0 —	5.0 —“.

Matsmenn sögðust ekki hafa reiknað með í matskostnaðinum útlagðan kostnað vegna ljósprentunar og vélritunar í sambandi við matsgerðina né heldur akstur. Ekki hafi þeir heldur reiknað sér tíma vegna mætingar fyrir rétti út af matsgerðinni né heldur fyrir tíma þann, er farið hafi í innheimtutilraunir á matskostnaðinum hjá matsbeiðanda.

Í réttarhaldi því, er matsmennirnir staðfestu matsgerð sína, óskaði lögmaður stefnda eftirfarandi bókað: „Ég tel mér skylt vegna umbj. míns, Austurstrætis 6 h/f, og einnig með tilliti til

málskostnaðarkröfu þeirrar á hendur stefnanda máls þessa að mótmæla reikningi matsmanna á dskj. nr. 12 sem allt of háum með hliðsjón af þeim hagsmunum, sem matið fjallaði um. Hef ég þar einnig til samanburðar leyfilegan málskostnað til lögmanna miðað við sömu hagsmuni. Því óska ég þess með vísun til 3. mgr. 141. gr. laga nr. 85/1936, að hinn virðulegi dómur taki reikninginn til úrskurðar“. Síðan var málið tekið til úrskurðar um matsþóknun.

Í 139. gr. einkamálalaganna nr. 85 frá 23. júní 1936 segir m. a.: „Enginn, sem kunnáttuskilyrðum fullnægir að skoðun matsdómara og skylt er að bera vitni um matsatriði, getur skorazt undan að taka við kvaðningu dómara til matsgerðar ...“.

Varðandi endurgjald til matsmanna fyrir störf þeirra segir svo í 3. mgr. 141. gr. fyrrnefndra laga, sbr. 17. gr. laga nr. 33 26. apríl 1963: „Matsmenn eiga heimtingu á endurgjaldi fyrir ferðakostnað svo og fyrir verk sitt eftir reikningi, sem matsdómari úrskurðar, ef ágreiningur verður ...“.

Af lagaákvæðum þessum er ljóst, að hér er um borgaralegt skyldustarf að ræða, er mönnum ber að inna af hendi samkvæmt kvaðningu dómara, og eiga matsmenn heimtingu á endurgjaldi fyrir verk sitt eftir reikningi. Við ákvörðun á því endurgjaldi hlýtur fyrst og fremst að verða að hafa í huga þá vinnu, sem matsmenn hafa þurft að leggja í mat sitt, enda segir m. a. svo í dómkvaðningu þeirri, er matsmenn fá í hendur, að þeim beri „að semja skriflega matsgerð, vanda hana eftir beztu þekkingu og samvizku og vera reiðubúnir að staðfesta hana með eiði eða drengskaparheiti, ef krafizt verður“.

Verður því eigi á það fallizt með matsbeiðanda, að það skuli leiða til lækkunar á matsþóknun, þegar framkvæmt er mat á tiltölulega lítilvægum hagsmunum, enda mundi sú regla geta leitt til slíkrar skerðingar á aflahæfi manna, að eigi fengi staðizt, því að oftlega verður dómari að kveðja menn til matsgerðar úr tiltölulega þröngum hópi manna, og er því óhjákvæmilegt, að sömu mennirnir veljist aftur og aftur til þessara starfa.

Er því eigi unnt að fallast á þá málsástæðu matsbeiðanda, að sömu sjónarmið og gjaldskrá Lögmannafélags Íslands er byggð á, þ. e. a. s., að þóknunin skuli fara eftir þeim hagsmunum, sem í húfi eru hverju sinni, skuli gilda, þegar matsmönnum er úrskurðuð þóknun fyrir matsstörf.

Svo sem sjá má af matsgerðinni, er hún unnin af mikilli nákvæmni og vandvirkni, og verður eigi annað séð en að tímafjöldi

sá, er matsmenn hafa reiknað sér, sé í alla staði eðlilegur til framkvæmdar því verki, sem þeir hafa innt af hendi. Og þar sem ekki verður talið, að matsmennirnir, sem eru sérfræðingar, áskilji sér bersýnilega ósanngjarnt endurgjald fyrir hverja vinnustund, þykir ekki rétt að lækka reikning þeirra.

Magnús Thoroddsen borgardómari kvað upp úrskurð þennan ásamt meðdómendunum Gunnari Bjarnasyni verkfræðingi og Þórði Gröndal verkfræðingi.

Úrskurðarorð:

Framangreindur reikningur matsmannanna, þeirra Einars Guðmundssonar og Eysteins Leifssonar, að fjárhæð kr. 14.000.00, skal standa óbreyttur.

Miðvikudaginn 24. janúar 1968.

Nr. 9/1968.

Helgi Hóseasson

gegn

Fjármálaráðherra f. h. Hagstofu Íslands.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Frávisun. Dómhæfi kröfu.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 13. janúar 1968, sem hingað barst 17. s. m. Kveðst sóknaraðili kæra dóm bæjarþings Reykjavíkur, uppkveðinn 4. janúar 1968, „og vísa málinu til Hæstaréttar“.

Af hálfu varnaraðilja hafa hvorki borizt dómkröfur né greinargerð.

Með skírskotun til forsendna hins kærða dóms ber að staðfesta hann, enda hefur hann eigi verið gagnkærður.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.